

 Fjölbrautaskóli Suðurlands	Lokaverkefni í húsasmíði LOKA3HU08 Námsáætlun – vor 2025

Kennari: Hjalti Guðmundsson/Óskar Helgi Guðnason
Skammstöfun: HG/ÓHG

Áfangalýsing:

Unnin eru verkefni, líkt þeim sem tekin eru fyrir í sveinsprófi. Þau krefjast þess að nemendur nýti og samþætti þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í skóla og á vinnustað á námstímanum. Farið er í upprifjun bóklegra og verklegra þátta úr fyrri áföngum eftir því sem þurfa þykir. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í skipulagningu, Verkáætlun og framkvæmd. Reynt er að líkja eftir aðstæðum í atvinnulífinu og því hafa nemendur aðgang að öllum fyrirbyggjandi gögnum, efni, áhöldum og tækjum meðan á verkefnavinnu stendur. Nemendur hafi í huga að efni sem unnið er með verður fyrst unnið í vélum, grófbútað, afrétt og heflað í rétt mál. Síðan má einungis nota handverkfæri við alla vinnu líkt og gert er þegar sveinspróf er tekið.

Forkörfur:

- Nemandi þarf að hafa lokið um 60 einingum af sérnámi brautar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- skipulagningu verkefna
- upplýsingaöflun
- áætlanagerð
- byggingareglugerð og skipulagslögum
- öryggisreglum og öryggisbúnaði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- vinna eftir sérupphráttum og deilum
- vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- undirbúa á eigin spýtur verkefni sem honum er fengið
- geta unnið Verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn
- geti gert efnis- og tímaáætlun
- geti valið heppileg áhöld og tæki fyrir einstök verkefni
- geti aflað og nýtt upplýsingar um útfærslur, efni, áhöld og tæki
- framkvæma verkefni sjálfstætt í samræmi við áætlanir
- fylgi fyrirliggjandi Verkáætlun og hönnunargögnum
- vinna í samræmi við tímaáætlanir
- geti unnið í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- taki mið af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað
- gera öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess
- geti rökstutt val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum

Námsefni:

Verkefni sem kennari leggur fram bæði bókleg og verkleg. Vísan í kennslubækur, ljósrit, efni af netinu o.fl. Einnig er kennari með spurningabók með hátt í 200 spurningum er nemendur geta skoðað og metið hver fyrir sig og farið yfir einstaka þætti eftir óskum hvers og eins.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

- Öll kennsla fer fram í verkmenntastofunni. Þessi hluti áfangans snýst að mestu um að smíða valma þak og þriggja þrepa tröppu.
- Að sjálfsögðu mætum við í okkar vinnufötum í tíma, þar með talið öryggisskóm og notum persónuhlífar.
- Notum tímana í vetur til að velja okkur handverkfæri - handverkfæri sem okkur finnst gott að nota við mismunandi verkhluta við smíði á valmapaki og tröppu. Höfum í huga að við þurfum að skaffa öll verkfæri er við komum til með að nota á sveinsprófi, þar með talið teikniáhöld, við munum væntanlega fá teikningu í mælikvarða 1 : 5 og þurfum að yfirfæra hana í 1 : 1 til að auðvelda okkur vinnuna við valmapak og tröppuna.
- Við komum til með að smíða valmapakið í tímunum á þriðjudögum og tröppuna í föstudagstímunum.
- Muna að teikninginn er mjög mikilvæg til þess að hægt sé að smíða eftir henni.

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
15. jan. til 31.jan	Teikna valmaðak. Teikna tröppu.	Teikna valmaðak Teikna tröppu
3.feb til 28 feb.	Unnið efni í þak og byrjað að setja saman. Unnið efni í tröppu og byrjað að setja saman	
2.mars til 31.mars	Haldið áfram með þak og tröppu	
1.apríl til 30. apríl	Haldið áfram með þak og tröppu Páskafri 14.apríl til 20.apríl	
2.maí til 15 maí	Lokafrágangur á valmaðaki og tröppu. Æfing að leggja á hefil tönn.	Loka mat á þaki og tröppu

Námsmat:

Námsmat byggist á símati, gagnrýnni hugsun, vinnu í tímum, teikningu og smíði á valmaðaki. Áfanganum er skipt upp í tvo jafna hluti og gildir þessi verkþáttur 50% af heildar mati áfangans.

	Valmaðak – sjá matsþætti í einkunnareglu Trappa – sjá matsþætti í einkunnareglu	60 %
	Sjálfstæði-frumkvæði	10 %
	Ástundun – gagnrýn hugsun	10 %
	Teikning af tröppu/valmaðaki	20 %

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytinga